



Reykjavík 3. ágúst 2006

Skýrsla stjórnar AE starfsendurhæfingar fyrir árið 2005

Félagið AE starfsendurhæfing var stofnað í maí 2005. Á árinu var unnið að undirbúningi fyrir starfsemi félagsins sem hefst á árinu 2006 en tilgangur þess er rekstur starfsendurhæfingar sem mun vinna að því að efla virkni og þátttöku fólks með geðsjúkdóma og annarra sem misst hafa hlutverk, til að skapa tækifæri til áframhaldandi starfa á almennum vinnumarkaði, forvarnarstarf, að efla notendaáhrif, að skapa hlutverk og að setja sérþekkingu geðsjúkra í farveg. Sérþekking geðsjúkra verður nýtt á jákvæðan hátt til nýsköpunar og þjónusta mótuð í samvinnu við notendur.

Stjórnina skipa: Árni Gunnarsson, formaður, Elín Ebba Ásmundsdóttir, varaformaður, Andri Árnason, Auður Axelsdóttir, Hulda Styrmsdóttir og Þórólfur Árnason.

Á árinu fékk félagið greiddar kr. 4.000.000 í styrk frá heilbrigðis- og félagsmálaráðuneytinu vegna þessa verks og von er á sömu fjárhæð á næsta ári, 2006.

Ekki voru greidd nein laun á árinu en unnið hefur verið að undirbúningi til að hefja rekstur á árinu 2006.

Hluthafa á árinu voru Auður Axelsdóttir kt. 020163-2619 og Elín Ebba Ásmundsdóttir kt. 111255-4239.

Árni Gunnarsson, formaður stjórnar